

1983: 45 daga fangelsi fyrir hylmingu.

1983: 26.4.: Sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur.

1983: 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Hinn 7. desember 1981 var ákærða veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 285 dögum, og þann 25. mars 1984 var ákærða veitt reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, 145 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976 og samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga hafa dómarnir frá 14. október 1982 og 26. apríl 1983 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um. Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að áréttta að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða eigi að haldast.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði á að vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvæðningu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dóms-ákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 16. janúar 1986.

Nr. 135/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Vilhjálmí Antoni Stefánssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar 17. apríl 1985 að ósk ákærða. Málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds og þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Framhaldspróf hafa farið fram í sakadómi Reykjavíkur. Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt vottorð lögskráningarstjórans í Reykjavík, þar sem m.a. kemur fram, að ákærði var skráður 2. vélstjóri á m/s Ljósfara RE 102 dagana 18.—20. september 1983. Þá hefur verið lagt fram ljósrít úr dagbók m/s Jóns Bjarnasonar SF 3 frá árinu 1983.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um sakarmat og færslu atferlis ákærða til refsíákvæða að því er varðar I.—III. lið ákæru.

Um IV. lið ákæru er þessa að geta:

Bjarni Jónsson útgerðarmaður m/s Jóns Bjarnasonar sagði í framhaldsprófi, að hann hefði í september 1983 auglýst eftir mat-sveini á skipið, sem gert var út frá Höfn í Hornafirði. Hann kvað ákærða hafa óskað eftir vinnu og jafnframt fyrirframgreiðslu launa. Hefði hann fengið 6.000 krónur greiddar með tékka, sem dagsettur er 4. september. Hefði ákærði átt að fara austur með flugvél 1—2 dögum síðar, en tilkynnt að hann hefði slasast og væri á sjúkrahúsi í Keflavík. Bjarni lýsti síðari samskiptum þeirra ákærðu í september og því að hann hefði greitt ákærða að hans ósk 2.000 krónur til viðbótar 13. september eða stuttu síðar. Bjarni kvaðst hafa krafist endurgreiðslu. Hann sagðist telja að ákærði hefði ætlað sér að mæta til vinnu a.m.k. þegar hann fékk fyrri framgreiðsluna.

Sigtryggur Benediktz skipstjóri og útgerðarmaður m/s Jóns Bjarnasonar sagði m.a. að hann hefði haft samband við ákærða um að koma þegar austur á Höfn.

Ákærði ítrekaði í framhaldsprófunum að hann hefði ekki farið austur af því að hann hefði fengið rangar upplýsingar um ferðir og um það hvenær báturinn væri inni. Hann sagðist ekki hafa fengið boð um að mæta á flugvellinum í Reykjavík og ekki muna, hvort hann hefði fengið önnur skýr fyrirmæli um að fara austur, „en það geti þó verið“. Ekki kvaðst hann hafa neitað að endurgreiða tékkana, en hann hefði beðið Bjarna Jónsson „að tala við sig síðar“.

Ákærði kvaðst síðan óska að taka fram að hann myndi þetta óljóst.

Varhugavert þykir að telja fyllilega sannað að ákærði hafi haft þann ásetning að koma ekki til vinnu þegar hann réð sig á m/s Jón Bjarnason og tók við 6.000 króna tékka sem fyrirframgreiðslu launa. Hins vegar fékk hann nokkrum dögum síðar 2.000,00 krónur greiddar með sama hætti. Því fé eyddi hann í eigin þarfir. Með skýrslum Bjarna Jónssonar og Sigtryggs Benediktz er sannað, að reynt hafði verið árangurslaust dagana á undan að fá ákærða til að fara til skips. Verður talið að ákærði hafi verið orðinn afhuga því að fara í skiprúmið þegar hann tók við tékka þessum og að viðtaka hans á þeirri greiðslu varði við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. nóvember 1982 dæmdur fyrir skjalafals til að sæta fangelsi í 8 mánuði. Skyldu 5 mánuðir af refsingunni vera skilorðsbundnir. Ber nú skv. 60. gr. almennra hegningarlaga sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 að taka það mál til meðferðar að því er hina skilorðsbundnu refsingu varðar og dæma refsingu í einu lagi. Er refsingin með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuðir.

Hvorugur aðilja hefur óskað þess að skaðabótakröfur þær, sem dæmt var að efni um í héraði, verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Koma þær eftir 147. gr. laga nr. 74/1974 því ekki til álita.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Vilhjálmur Anton Stefánsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 12.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. desember 1984.

Ár 1984, föstudaginn 7. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 580/1984: Ákærvaldið gegn Vilhjálmi Antoni Stefánssyni, sem tekið var til dóms 30. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. maí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Vilhjálmi Antoni Stefánssyni, Teigaseli 1, Reykjavík, fæddum 14. nóvember 1941 í Bolungarvík, fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir skjalafals með því að hafa í maí 1982 ritað heimildarlaust nafn Ragnars Inga Halldórssonar, Álftamýri 54, Reykjavík, sem útgefanda og framseljanda víxils, að fjárhæð kr. 19.000, útgefinn 28. maí 1982, með gjalddaga 20. júlí 1982, greiðslustaður Landsbanki Íslands, Reykjavík, samþykktan af ákærða og ábektan af Jóni K. Sigfússyni, og notað víxilinn síðan til kaupa á bifreiðinni N-312 af Diðriki Hjörleifssyni, Hjaltabakka 14, Reykjavík, þann 28. maí 1982.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa í október og nóvember 1983 notað í viðskiptum eftirgreinda átta falsaða tékka úr tékkhefti Bjargar Margrétar Sigurgeirsdóttur, Teigaseli 1, Reykjavík merktu Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, Reykjavík, sem ákærði ritaði til handhafa, á reikning nr. 6618 og falsaði á útgefandanafnritun Bjargar Margrétar:

1. Nr. 156674, kr. 2.000, dagsettur 6.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Videoleigunni Langholtsvegi 176, Reykjavík.
2. Nr. 156675, kr. 2.500, dagsettur 5.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Sláturfélagi Suðurlands, Skólavörðustíg 22, Reykjavík.
3. Nr. 166476, kr. 2.000, dagsettur 7.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Skóverslun Kópavogs, Hamraborg 3, Kópavogi.
4. Nr. 166477, kr. 2.000, dagsettur 7.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í versluninni Víði, Starmýri, Reykjavík.
5. Nr. 166479, kr. 1.000, dagsettur 8.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í söluturninum Leifsgötu 4, Reykjavík.
6. Nr. 166480, kr. 2.000, dagsettur 14.11. 1983, framseldur af ákærða, seldur í einni af bensínafgreiðslum Ollíuverslunar Íslands hf., Reykjavík.

7. Nr. 166481, kr. 5.000, dagsettur 8.11. 1983, seldur í versluninni Geysi, Aðalstræti 2, Reykjavík.
8. Nr. 166482, kr. 3.000, dagsettur 13.11. 1983, framseldur í söluturninum Káetunni, Hamraborg 14, Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III.

Fyrir fjársvik með því að hafa í október 1983 í heimildarleysi gefið út í eigin nafni eftirgreinda fjóra tékka úr sama tékkhefti og á sama reikning og getið er í lið II og notað þá síðan í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík og þannig svikið sér út fé:

1. Nr. 166478, kr. 500, dagsettur 2.10. 1983, notaður sem greiðsla til Valdimars Eiríkssonar, Seljavegi 3, Reykjavík, fyrir leiguakstur í Reykjavík.
2. Nr. 166483, kr. 500, dagsettur 14.11. 1983, seldur í veitingahúsinu Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík.
3. Nr. 166485, kr. 300, dagsettur 14.11. 1983, notaður sem greiðsla til Ólafs Sveinssonar, Laufbrekku 21, Kópavogi, fyrir leiguakstur í Reykjavík.
4. Nr. 166487, kr. 1.000, dagsettur 15.11. 1983, seldur í Búnaðarbanka Íslands við Hlemm í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV.

Fyrir fjársvik með því að hafa í september 1983 með sviksamlegum hætti fengið Bjarna Jónsson, útgerðarmann vélbátsins Jóns Bjarnasonar SF-3, sem gerður var út frá Höfn, Hornafirði, til að greiða sér samtals kr. 8.000 undir því yfirskini, að ákærði réði sig sem matsvein á greint skip, en samtímis ráðið sig á m/b Ljósfara RE-102, sem gerður var út frá Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1965 26/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt f. umfl.brot.

1966 7/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt f. brot á 4. og 26. gr. umfl.

1968 13/5 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt f. brot á 248., sbr. 256. gr. hgl.

1973 22/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot á 248. gr. hgl.

- 1979 26/6 í Reykjavík: Dómur: 25.000 kr. sekt f. brot g. 4. mgr. 48. gr. umfl.
- 1980 6/10 í Kópavogi: Sátt, 175.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. sbr., 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 6/10'80.
- 1982 9/2 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, þar af 3. mán. skb. 3 ár, f. brot g. 247. og 155. gr. hgl.
- 1982 12/11 í Reykjavík: Dómur: 8. mán. fangelsi, þar af 5 mán. skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl. Dómur 9/2 1982 tekinn með.

Málavextir:

I. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa í maí 1982 ritað nafn Ragnars Inga Halldórssonar, Álftamýri 54, Reykjavík, sem útgefanda og framseljanda vixils að fjárhæð kr. 19.000, útgefinn 28. maí 1982, með gjalddaga 20. júlí 1982, greiðslustaður Landsbanki Íslands, Reykjavík, samþykktan af ákærða og ábektan af Jóni K. Sigfússyni, og notað vixilinn síðan til kaupa á bifreiðinni N-312 af Diðriki Hjörleifssyni, Hjaltabakka 14, Reykjavík, þann 28. maí 1982.

Af hálfu ákærða hefur því hins vegar verið haldið fram að hann hafi ritað nafn Ragnars Inga Halldórssonar á vixilinn með heimild og hafi Ragnari Inga verið kunnugt um notkun vixilsins og hann jafnvel notið góðs af þeim viðskiptum. Þessu hefur alfarið verið neitað af Ragnari Inga og verður því að teljast sannað að ákærði hafi ritað nafn hans heimildarlaust og hann því sakfelldur samkvæmt ákærunni fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Skaðabótakrafa hefur ekki verið gerð hvað varðar þennan þátt málsins.

II. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa í október og nóvember 1983 notað í viðskiptum eftirgreinda átta falsaða tékka úr tékkhefti Bjargar Margrétar Sigurgeirsdóttur, Teigaseli 1, Reykjavík, merktu Landsbanka Íslands, Breiðholtsútbúi, Reykjavík, sem ákærði ritaði til handhafa, á reikning nr. 6618 og falsaði á útgefandanafnritun Bjargar Margrétar:

1. Nr. 156674, kr. 2.000, dagsettur 6.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Videoleigunni, Langholtsvegi 176, Reykjavík.
2. Nr. 156675, kr. 2.500, dagsettur 5.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Sláturfélagi Suðurlands, Skólavörðustíg 22, Reykjavík.
3. Nr. 166476, kr. 2.000, dagsettur 7.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í Skóverslun Kópavogs, Hamraborg 3, Kópavogi.

4. Nr. 166477, kr. 2.000, dagsettur 7.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í versluninni Viði, Starmýri, Reykjavík.
5. Nr. 166479, kr. 1.000, dagsettur 8.10. 1983, framseldur af ákærða, seldur í söluturninum Leifsgötu 4, Reykjavík.
6. Nr. 166480, kr. 2.000, dagsettur 14.11. 1983, framseldur af ákærða, seldur í einni af bensínafgreiðslum Olíuverslunar Íslands hf., Reykjavík.
7. Nr. 166481, kr. 5.000, dagsettur 8.11. 1983, seldur í versluninni Geysi, Aðalstræti 2, Reykjavík.
8. Nr. 166482, kr. 3.000, dagsettur 13.11. 1983, framseldur í söluturninum Káetunni, Hamraborg 14, Kópavogi.

Teljast þessir verknaðir ákærða sannaðir með viðurkenningu hans og stoð í gögnum og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Sú meinlega villa var í afriti ákæruskjalsins, sem verjandi ákærða fékk í hendur, að í 2. tölulið þessa kafla ákærunnar var upphæðin kr. 2.000,00 í stað 2.500,00 eins og stendur í frumriti skjalsins. Ákæruskjalið birt ákærða í þinghaldi 7. júní 1984 í samræmi við frumritið, og telur dómariinn því fært að dæma samkvæmt þessum tölulið ákærunnar.

III. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa í október 1983 í heimildarleysi gefið út í eigin nafni eftirgreinda fjóra tékka úr sama tékkhefti og á sama reikning og getið er í lið II og notað þá síðan í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík og þannig svikið sér út fé:

1. Nr. 166478, kr. 500, dagsettur 2.10. 1983, notaður sem greiðsla til Valdimars Eiríkssonar, Seljavegi 3, Reykjavík, fyrir leiguakstur í Reykjavík.
2. Nr. 166483, kr. 500, dagsettur 14.11. 1983, seldur í veitingahúsinu Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík.
3. Nr. 166485, kr. 300, dagsettur 14.11. 1983, notaður sem greiðsla til Ólafs Sveinssonar, Laufbrekku 21, Kópavogi, fyrir leiguakstur í Reykjavík.
4. Nr. 166487, kr. 1.000, dagsettur 15.11. 1983, seldur í Búnaðarbanka Íslands við Hlemm í Reykjavík.

Þessir verknaðir ákærða teljast sannaðir með viðurkenningu hans og stoð í gögnum og varða við 248. gr. almennra hengingarlaganna.

IV. kafli ákæru.

Ákærða er hér gefið að sök að hafa í september 1983 með sviksamlegum hætti fengið Bjarna Jónsson, útgerðarmann vélbátsins Jóns Bjarnasonar

SF-3, sem gerður var út frá Höfn, Hornafirði, til að greiða sér samtals kr. 8.000 undir því yfirskini, að ákærði réði sig sem matsvein á greint skip, en samtímis ráðið sig á m/b Ljósfara, RE-102, sem gerður var út frá Hafnarfirði.

Er þetta talið varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Varðandi þennan verknað skýrði ákærði svo frá fyrir dómi, að hann hafi ætlað sér að starfa á vélbátnum Jóni Bjarnasyni, þegar hann réð sig og fékk peningana senda. Síðan hafi dregist, að hann heyrði frá útgerðarmanninum, Bjarna Jónssyni, líklega í 20 daga. Ákærði hugðist þá hafa samband við hann sjálfur, en náði ekki til hans. Honum hafi þá boðist pláss á Ljósfara, RE-102, og fannst hann ekki geta sleppt því. Ekkert er að finna í gögnum málsins annað en kæru til RLR frá lögmanni hér í borg. Ákærði er því sýknaður af broti samkvæmt þessum kafla ákærunnar, þar sem ekki teljast komnar fram nægar sannanir gegn honum.

Eftirtalдар skaðabótakröfur hafa komið fram í málinu:

— — —

Ákvörðun refsingar o.fl.

Ákærði var með dómi 12. nóvember 1982 dæmdur til 5 mánaða skilorðsbundins fangelsis og skilorðstíminn þar ákveðinn 3 ár. Var þar tekin með 3 mánaða skilorðsbundin refsing frá dómi 9. febrúar 1982.

Verknaður ákærða samkvæmt I. kafla ákæru er rof á skilorði samkvæmt dómi 9. febrúar 1982. Aðrir verknaðir hans leiða til rofs á skilorði samkvæmt dómi 12. nóvember 1982.

Refsing ákærða þykir nú með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. og stoð í 60. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði og þá 5 mánaða skilorðsrefsing ákærða samkvæmt dómi 12. nóvember 1982 tekin með. Ekki þykir fært að skilorðsbinda refsingu ákærða frekar en orðið er.

Um skaðabætur hefur verið fjallað hér að framan.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 8.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Vilhjálmur Anton Stefánsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 8.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.